

Stjórnarfundur UMSB 7. Október 2014 að Þorgautstöðum

Mætt eru: Kristín Gunnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Sigurður Guðmundsson, Pálmi Blængsson, Aðalsteinn Símonarson og Sólrún Halla Bjarnadóttir.

1. Formaður setur fundinn
2. Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar, samþykkt
3. Verkefni í gangi:

a) Tímatafla íþróttamannvirkja:

Erfitt að meta fjölda í tímum hjá yngri flokkum þar sem réttir og annað er í gangi. 15 – 25 að mæta á yngri flokka æfingar hjá öllum deildum nema í badminton en þar eru að mæta 4 – 5. Lítil breyting á tímatöflu frá september og fram í október.

b) Starfsstyrkir 2014:

Pálmi hafði samband við aðildarfélögin sem höfðu gleymt að skila inn starfs-skýrslu þannig að hann fékk inn nýjar umsóknir. Pálmi er búinn að reikna starfsstyrkina upp á nýju til þess að greiða út. Það er þægilegt fyrir aðildarfélögin að sækja um þetta og þannig fá þau styrk til þess að efla starf sitt.

Samþykkt að gera undanþágu þetta árið að leyfa aðildarfélögum að fá annað tækifæri til þess að sækja um starfsstyrki. Sambandsstjóri mun ítreka á formannafundi að aðildarfélögin eigi að sækja tímanlega um starfsstyrki.

c) Kaup á mótaforriti frá Sundsambandinu:

Nýtt forrit er í boði sem kemur í staðinn fyrir gamla forritið í tölvu UMSB sem fáir kunna á. Helga Svavarsdóttir formaður Sunddeildar Skallagríms kom að máli við Pálma og vildi athuga hvort UMSB gæti keypt forritið af Sundsambandinu þannig að fleiri geti nýtt það. Forritið kostar um 80.000 kr. Pálmi svaraði Helgu þannig að ekkert mál væri að kaupa þetta ef þau félög sem myndu nýta það sjá um að fjármagna forritið. Forritið yrði sameign og UMSB gæti styrkt kaupin að einhverju leyti.

Samþykkt að Pálmi sendir fyrirspurn á Sundsambandið á hvaða forsendum verið er að rukka fyrir forritið.

d) Uppsetning á brunakerfi í húsnæði UMSB:

Landlínur hafa verið í sambandi við Öryggismiðstöðina um uppsetningu á brunakerfi á efri hæð húsnæðisins að Borgarbraut 61 og hefur fengið verð upp á 133.000 kr. til þess að kaupa kerfið og rekstrarkostnaður er ca. 4.500 kr. á mánuði. Síðan þyrfti að fá rafvirkja til þess að setja kerfið upp. UMSB þyrfti að greiða 11% af upphæðinni. Samþykkt að fylgja því sem verður ákveðið af húsfélaginu. Við stöndum ekki í vegi fyrir þessum framkvæmdum.

e) Kaup á áhorfendabekkjum með Borgarbyggð:

Ulla, formaður UMF. Íslendinga, sendi Pálma póst um að kaupa færanlega áhorfendabekki. Bandalag íslenskra leikfélaga var að bjóða svona bekk til sölu, notaður. Hugmynd um að þetta gæti nýst Borgarbyggð á fjölbreyttan hátt en gæti orðið erfitt til geymslu.

Pálmi ætlar að viðra hugmyndina við Borgarbyggð og benda þeim á að hægt væri að tala við fleiri aðildarfélög um nýtingu á bekkjunum. UMSB gæti verið tengiliður um kaup á færanlegum áhorfendabekkjum.

f) Leikskólar í íþróttir í hádeginu:

Það kom fyrirspurn frá Knattspyrnudeild Skallagríms til Ásthildar fræðslustjóra um að Borgarbyggð myndi útvega rútu frá leikskólunum í Borgarnesi fyrir börnin til að þau komist á æfingar í hádeginu á miðvikudögum. Ásthildur samþykkti þetta en svo var hætt við þetta aftur vegna óánægju með afgreiðsluna. Samþykktin var dregin tilbaka en verið er að vinna að sátt við allar deildir.

Pálmi hittir Ásthildi til þess að vinna að samstarfi við Skallagrím til að halda æfingar fyrir leikskólabörn í hádeginu á æfingar fram að áramótum. Þannig erum við að nýta húsið betur og efla hreyfingu hjá leikskólabörnunum. Við þökkum frumkvæði Knattspyrnudeildar.

g) Umsiön íþróttavalla næsta sumar og hvernig gekk á Skallagrímssvelli:

Pálmi heyrði í Halla hjá Golfklúbbnum og hann er að fara í launalaust leyfi frá 1. nóvember – 1. mars. Samningurinn okkar við Golfklúbbinn er á ársgrundvelli og því spurning hvort að það verði einhver sem muni sjá um völlinn í vetur ef Halli er farinn í leyfi.

Við fylgjumst með fram í nóvember hvort þeir sendi annan starfsmann til að sjá um Skallagrímssvöllinn. Fá skýrslu frá Ingunni um það hvernig gekk í sumar, upp á framhaldið á samningnum.

4. Sambandsráðsfundur UMFÍ 11. Október:

Sigurður mætir á sambandsráðsfund í Reykjavík 11. Október. Engin stórmál í gangi en ýmsar þakkar tillögur.

5. Styrkumsókn, Bjarki Pétursson:

Bjarki sækir um styrk vegna keppnisferðar til Svíþjóðar.

Stjórn UMSB ákveður að styrkja Bjarka ekki að þessu sinni og felur Pálma að svara styrkbeiðni hans. Hann hefur fengið tvo styrki á þessu ári frá UMSB. Ákveðið að útbúa vinnureglur um viðmið styrkja til einstaklinga/hópa á ári.

6. Formannafundur 22.október kl. 20:

a) Vantar staðsetningu:

Pálmi er búinn að senda póst á Dagnýju hjá Íþrótt- og ungmennafélagi Hvalfjarðarsveitar með ósk um að halda formannafund. Bíður eftir svari.

Dagskrá:

- 1) Sambandsstjóri ræðir um starfsstyrki
- 2) Kynning á Nóra innheimtu og skráningarkerfi.
- 3) Kynning á íþrótt- og tómstundaskólanum
- 4) Tillaga UMSB um uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirkja
- 5) Hvetja formenn aðildarfélaganna til þess að nýta heimasíðuna sína betur

7. Önnur mál:

a) Unglingalandsmót – uppgjör

UMSB keypti kol, kaffi, kakó o.fl. HSH leigði flutning á stólum og borðum. UDN sá um kaup á kleinum. Sigurður fer með tjaldkerruna til Kristínar að Lundi til geymslu.

b) Unglingalandsmót 2016

Pálmi fór að ræða við Ásthildi og Jökul um tjaldsvæðið að Kárastöðum. Við viljum fá að teikna upp tjaldsvæðið til þess að nýta „dauða“ tímann hjá iðnaðarmönnum til að vinna verkin. Borgarbyggð ætlar að setja einhvern pening í tjaldsvæðið. Búið að sækja um styrki vegna tímaþulahúss og tímatökubúnaðar niður á íþróttavöllinn í Borgarnesi.

c) Uppgjör UMSB eftir fyrstu 6 mánuði ársins.

Reikningur UMSB stendur vel og er í samræmi við áætlun.

d) Heimsókn til Hvalfjarðarsveitar

Pálmi og Sigurður fóru og hittu Skúla sveitastjóra, skólastjóra Heiðaskóla og Dagnýju formann Íþrótt- og ungmennafélags Hvalfjarðarsveitar. Þau tóku jákvætt í hugmyndir UMSB um íþrótt- og tómstundaskólann, íþróttamann Borgarfjarðar og afreksmannasjóðinn. Þeir fannst þetta mjög áhugaverður samningur sem UMSB gerði við Borgarbyggð um tómstundamálin. Þau ætla að kynna sér þetta betur en leist mjög vel á hugmyndina.

e) Húsnæðismál

Aðalsteinn spyr hvernig gengur með húsnæðismál vegna miðstöðvar UMSB. Hugsað er enn um húsið niður á velli en nú er búið að ákveða að nýta það undir íþrótt- og tómstundaskólann þennan veturinn.

f) Starfsmaður íþrótt- og tómstundaskólans:

Pálmi er að undirbúa fyrir Sigurð verkefnastjóra íþrótt- og tómstundaskólans, þarf að fjárfesta í tölvu og fleira fyrir hann.

8. Næsti stjórnarfundur:

- a) 4. Nóvember kl. 20 í Borgarnesi samkv. dagatali

Fundi slitið kl. 22:22

Fundargerð ritaði: Sólrún Halla